

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 155. löggjafarþings, frá 18. nóvember 2024 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

*Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 2024.*

**Halla Tómasdóttir.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*

Alþingi samþykkti hinn 18. nóvember 2024 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 155. löggjafarþings, frestað hinn 18. nóvember 2024.

*Forsætisráðuneytinu, 19. nóvember 2024.*

F. h. r.  
**Benedikt Árnason.**

\_\_\_\_\_  
*Páll Þórhallsson.*